

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991, með síðari breytingum (afnám búsetuskilyrða).

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Tilkynningarskylda hvað varðar 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. gildir þó ekki um einstaklinga eða lögaðila þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga eða þá sem eru búsettir á fyrrgreindum svæðum.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga og þá sem eru búsettir á fyrrgreindum svæðum.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar og einstaklingar búsettir þar uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Tilfni frumvarpsins má rekja til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna skilyrða um búsetu og heimilisfesti framkvæmdastjóra og stjórnenda í íslenskum atvinnufyrirtækjum. ESA hefur gert athugasemd við núgildandi kröfu um að framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum sem eru ríkisborgarar Færeyja, þeirra ríkja sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) eða þeirra ríkja sem eru

aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), þurfi að vera búsettir í aðildarríkjum EES-samningsins, aðildarríkjum EFTA eða í Færeyjum. ESA hefur bent á að krafan sé ekki í samræmi við EES-samninginn. Á þetta einnig við ríkisborgara annarra ríkja sem eru búsettir á framangreindum svæðum.

ESA vakti fyrst athygli á fyrrgreindu 22. janúar 2014. Athugasemdir voru gerðar við fimm lagabálka. Þremur af þeim lagabálkum hefur nú þegar verið breytt í samræmi við athugasemdir ESA. Þ.e. lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Samanber breytingarlög nr. 25/2017.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA um að skilyrði um búsetu og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í íslenskum fyrirtækjum sé ekki í samræmi við EES-samninginn. Aðrir valkostir en lagabreyting eru ekki mögulegir. Ef ekkert er aðhafst þá er von á frekari aðgerðum af hálfu ESA. Nú þegar hefur ESA sent íslenska ríkinu formlegar athugasemdir (e. letter of formal notice) með bréfi dags. 4. nóvember 2015. Næsta aðgerð ESA verður í formi rökstutts álits (e. Reasoned Opinion). Ef ekkert yrði aðhafst í kjölfar þess getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Markmið lagasetningarinnar er að tryggja frelsi launþega á grundvelli ríkisfangs innan EES-svæðisins og tryggja staðfesturétt einstaklinga. Ekki er hægt að setja höft á rétt ríkisborgara á EES-svæðinu til að öðlast staðfestu á yferráðasvæði einhvers annars ríkis á svæðinu. Staðfesturétturinn felur meðal annars í sér að rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki. Til nánari glöggvunar á fyrrgreindum reglum er vísað til 28. og 31. gr. EES-samningsins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 34/1991 skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yferráðum erlendra aðila. Í lögunum kemur fram að búsetuskilyrði gildi þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að ekki verði gerð krafa um að viðkomandi ríkisborgarar séu búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá. Tillögurnar eru í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Breytingarnar eru tilkomnar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA vegna skilyrða um búsetu og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í íslenskum atvinnufyrirtækjum.

Lagaákvæði sem gera kröfu um búsetu í EES-ríki að skilyrði fyrir réttindum geta falið í sér mismunun sem telst ólögmat á grundvelli EES-samningsins, enda á rétturinn til frjálsrar atvinnustarfsemi að tengjast ríkisfangi en ekki búsetu.

5. Samráð.

Frumvarpið er samið og unnið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Breytingar þykja ekki kalla á sérstakt samráð fyrir utan að vera kynnt á samráðsgátt íslenskra stjórnvalda. Frumvarpið mun snerta stjórnarsetu í íslenskum fyrirtækjum og gera ríkisborgurum EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings EFTA og Færeyinga kleift að hafa lögheimili utan svæðisins.

6. Mat á áhrifum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skilyrðum um búsetu framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum þannig að búsetuskilyrði gildi ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings EFTA og Færeyja sama hvar þeir eru búsettir í heiminum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Fyrirtækjaskrá þarf að þó að sannreyna þær upplýsingar sem um ræðir en ekki er talið að það hafi teljandi áhrif á stofnunina.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa áhrif á afmarkaðan hóp aðila í samfélaginu, þ.e. félögin sem löggin taka til, eigendur þeirra og stjórnendur. Markmið breytinganna er að einfalda og skýra reglur sem um stofnun, starfsemi og skráningu umræddra félaga gilda, sem og að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA. Breytingarnar taka til fyrirtækja sem stunda atvinnurekstur. Frumvarpið hefur ekki áhrif á stöðu kynjanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér koma skýringar á greininni.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 7. gr. Núgildandi ákvæði fjallar um undanþágu fyrir einstaklinga og lögaðila sem eiga uppruna sinn í ríkjum sem eiga aðilda að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðila að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Hins vegar kemur fram að skilyrði þeirra um búsetu eða heimilisfestu á viðkomandi svæði. Breytingin fjallar um afnám þeirrar búsetu- og heimilisfestuskyldu.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 10. gr. Lagðar eru til breytingar á skilyrðum um búsetu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvæðið mælir fyrir um að búsetuskilyrði ákvæðisins gildi ekki um ríkisborgara EES-ríkja, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyinga, sem og þá aðila sem búsettir eru á þeim svæðum.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 10. gr. Lagt er til að afnema búsetuskilyrði fyrir ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyinga. Einstaklingar sem eru búsettir á þessum svæðum eru einnig taldir uppfylla slík skilyrði.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.